



Umsögn

Efni: Tillaga um kostnaðarmat á tillögur minnihlutafulltrúa
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dagsettri 28. maí sl., um að fjármála- og áhættustýringarsvið kostnaðarmeti tillögur minnihlutafulltrúa. Tillagan er eftirfarandi:

„Flokkur fólksins leggur til að minnihlutafulltrúar fái aðstoð fjármálaskrifstofu við að kostnaðarmeta tillögur eftir því sem þeir telja nauðsynlegt áður en tillaga er lögð fram. Stundum nægir gróft kostnaðarmat. Að hafa hugmynd um kostnað getur stutt málið og skipt sköpum við atkvæðagreiðslu þ.e. dregið úr líkum þess að tillögu verði vísað samstundis frá af meirihlutanum eða felld. Fulltrúi Flokks fólksins leggur þess vegna til, að til að tryggja að fulltrúi minnihlutans fái upplýsingar sem þessar, verði starfshlutfall starfsmanns á fjármálasviði eyrnamerkt til að sinna beiðni af þessu tagi. Vel kann að vera að starfsmenn fjármálasviðs telji það ekki skyldu sína að svara eða aðstoða fulltrúa minnihlutans almennt séð en eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst næst eru starfsmenn og embættismenn borgarinnar ekki síður til að aðstoða minnihlutann en meirihlutann.“

Umsögn:

Fyrirspurnir sem berast fjármála- og áhættustýringarsviði, hvort sem um er að ræða formlegar eða óformlegar fyrirspurnir, er svarað jöfnum höndum og eftir því sem þær berast. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort fyrirspurnir berast frá minni- eða meirihluta borgarfulltrúa og er þeim að jafnaði svarað í tímaröð. Oftast er gefinn þriggja vikna svarfrestur þegar um umsagnir er að ræða og er reynt að halda þann frest eftir fremsta megni.

Það kann að vera að leita þurfi til ytri aðila, annarra sviða, stofnana eða fyrirtækja til að afla viðeigandi upplýsinga til að svara fyrirspurnum ef sérþekkingu er ekki að finna á FÁST til að veita fullnægjandi svar við fyrirspurn. Getur slík upplýsingaöflun stundum verið kostnaðarsöm ef greiða þarf sérstaklega fyrir upplýsingarnar en einnig tímafrek og dregst þá gjarnan að svara fyrirspurnum umfram fyrirfram gefinn frest. Alla jafna gengur vel að afla upplýsinga og svara fyrirspurnum.

Ef öflun upplýsinga krefst þess að leggja þurfi út umtalsverðan kostnað, svo sem vegna gjaldtöku upplýsingaveitanda, er viðeigandi umsagnarbeiðandi látinn vita af slíku svo að unnt sé að leggja mat á hvort fyrirspurnin sé þess eðlis að réttlæta megi slík fjárútlát. Er þá aðallega verið að vísa til þess ef

kaupa þarf gögn frá þriðja aðila, og jafnvel vinna sérstaklega úr þeim, til að svara fyrirspurn eða vinna umsögn.

Þegar fyrirspurnir berast FÁST, gjarnan á formlegan hátt, er þeim úthlutað til þeirra starfsmanna sviðsins sem þekkingu hafa á málefninu og eru best til þess fallnir að svara fyrirspurninni. Oft fer slík vinna fram í teymisvinnu og/eða með öðrum sviðum eða þar sem forsendur viðfangsefnisins liggja. Kostnaðarmat eða greining fer þó að jafnaði fram hjá FÁST á grundvelli upplýsinga sem borist hafa frá viðeigandi aðilum.

Niðurstaða

Fjármála- og áhættustýringarsvið telur að ekki sé tilefni til að eyrnamerkja sérstaklega stöðugildi ákveðins starfsmanns til að svara fyrirspurnum minnihluta kjörinna fulltrúa enda koma fjölmargir starfsmenn að þeirri vinnu, eins og að framan greinir. Þá gæti slík forvinna orkað sem tvíverknaður þar sem öllum fyrirspurnum er eftir sem áður svarað, oftar en ekki með tilheyrandi rannsóknar- og gagnavinnslu. Núverandi fyrirkomulag hefur gengið vel og verið skilvirkt við svörum fyrirspurna, erinda og gerð umsagna. Líkt og að framan greinir hefur fyrirspurnum verið svarað jafnt, hvaðan sem þær koma, og hefur FÁST lagt sig fram við að halda þá tímafresti sem gefnir hafa verið eftir því sem það hefur verið hægt og að því gefnu að svör berist tímanlega frá þriðja aðila.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*